



Lúxemborg 9. ágúst 2024

FRÉTTATILKYNNING 11/2024

Dómur í máli E-12/23 *Norwegian Air Shuttle ASA* gegn norska ríkinu

SKYLDA TIL AÐ AFHENDA LOSUNARHEIMILDIR Í LJÓSI FJÁRHAGSLEGRAR ENDURSKIPULAGNINGAR ÓGJALDFÆRS FÉLAGS

Með dómi sem var kveðinn upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningu frá héraðsdómi Ósló (*Oslo tingrett*) varðandi túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB („tilskipunin“).

Í málinu sem er til meðferðar fyrir landsdómstólnum krefst Norwegian Air Shuttle ASA („NAS“) ógildingar á stjórnvaldsákvörðun um að leggja á NAS sekt að fjárhæð 399.685.275 norskra króna fyrir að afhenda ekki losunarheimildir vegna gróðurhúsalofttegunda. Áður en umrædd ákvörðun var tekin hafði NAS boðist til að gera upp þá skyldu með greiðslu sem hluta af fjárhagslegri endurskipulagningu þess. Umhverfisstofnun Noregs neitaði að samþykkja slíkt uppgjör á þeim grundvelli að einungis væri hægt að gera upp skylduna til að afhenda losunarheimildir með því að skila inn heimildum sem jafngiltu að fullu heildarlosun fyrir árið 2020.

Með beiðni sinni spurði landsdómstóllinn hvort 2. mgr. a. 12. gr. tilskipunarinnar standi í vegi fyrir innlendra löggjöf sem kveður á um að skylduna til að afhenda losunarheimildir megi gera upp með arðgreiðslu í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu á ógjaldfæru félagi. EFTA-dómstóllinn tók fram að tilgangur tilskipunarinnar sé að koma á fót viðskiptakerfi með losunarheimildir sem leitast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið að því marki sem kemur í veg fyrir hættulegar truflanir af mannavöldum á loftlagskerfið og endanlegt markmið þess er verndun umhverfisins. Grunnkerfi tilskipunarinnar byggist á ströngu reikningshaldi í tengslum við útgáfu, vörslu, flutning og niðurfellingu á losunarheimildum gróðurhúsalofttegunda. Nákvæmt reikningshald er grundvallarhluti af tilgangi tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn taldi að ein af grunnstoðum kerfis tilskipunarinnar sé skylda rekstraraðila til að afhenda, í þeim tilgangi að fá þær felldar niður, losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda sem jafngilda losun þeirra á síðasta almanaksári og að þeirri skyldu verði beita með mjög ströngum hætti. Brestur á því að skila losunarheimildum myndi grafa undan ströngu reikningshaldi tilskipunarinnar og nákvæmri fylgni milli raunverulegrar losunar og þeirrar sem heimiluð er samkvæmt tilskipuninni. Samkvæmt þessu taldi EFTA-dómstóllinn að túlka bæri 2. mgr. a. 12. gr. tilskipunarinnar sem svo að hún útilokaði landslög sem kveða á um að skylduna til að afhenda losunarheimildir megi uppfylla með greiðslu í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu ógjaldfærs félags.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.